

**Samráð Póst- og fjarskiptastofnunar um úthlutun tíðna fyrir útvarp - FM og DAB**

Búið til 16.5.2017 08:48:23
Höfundur Sigrún Davíðs
Sent 15.5.2017 21:46:24
Tilheyrir  2017040118 - FM samráð

Frá **Gunnar Örn Guðmundsson (Gunnar.Orn.Gudmundsson@ruv.is)**
Til **pfs@pfs.is**
Afrit **Gisli.Arnar.Gunnarsson@ruv.is**
Efni **Samráð Póst- og fjarskiptastofnunar um úthlutun tíðna fyrir útvarp - FM og DAB**
Bréfalykill **10.5.2 Útvarp**

Texti

Góðan dag.

Ríkisútvarpið ohf. hefur farið yfir spurningar vegna samráðsskjals (sbr. https://www.pfs.is/library/Skrar/Frettaskrar/Samrad_um_uthlutun_tidna_fyrir_hljodvarp_FM_og_DAB_7.4.2017.pdf), og eru svörin á þessa leið:

Samráðsspurningar**Spurning 1:**

Ef boðið yrði upp á viðbótartíðni fyrir sömu dagskrá á höfuðborgarsvæðinu til að dekkja svæði sem koma illa út í dag, hvaða hljóðvarpsstöðvar myndu þá óska eftir viðbótartíðni og þá á hvaða svæði, með hvaða staðsetningu sendis og hvaða sendiafli?

Svar RÚV:

Ríkisútvarpið sendir út Rás 1 og Rás 2 frá Vatnsenda en eftir miklar breytingar í búsetu á höfuðborgarsvæðinu er sá staður ekki að ná að þjóna nýjum hverfum, hvort sem er í Reykjavík, Mosfellsbæ eða Hafnarfirði.

Verði útsendingar áfram á Vatnsenda þarf RÚV að fá úthlutað tveim tíðnum til að þjónusta hluta Grafarvogs, Grafarholti norðan vert og Mosfellsbæ. Sendiafl 100-150W

Einnig hugsanlega á Garðaholti, Álfanesi til að þjóna skuggasvæðum í Reykjavík og Hafnarfirði.

Nú er ekki víst að RÚV haldi Vatnsenda og þarf því að leita sér að nýjum sendastað fyrir höfuðborgarsvæðið. Fyrsti kostur og sá sem kemur best út er Úlfarsfell og síðan gæti þurft að bæta við smærri sendum t.d. á Garðaholti, Álfanesi til að þjóna skuggasvæðum í Reykjavík og Hafnarfirði.

RÚV áskilur sér rétt til að endurskoða þessar þarfir sínar eftir því sem forsendur breytast, t.d. nýjir sendastaðir, eða óvænt þróun í byggðalögum á höfuðborgarsvæðinu.

Spurning 2:

Hafa aðilar hug á að setja í gang nýjar dagskrár á höfuðborgarsvæðinu á næstunni og með hvaða sendistað í huga?

Svar RÚV:

Nei.

Spurning 3:

Er áhugi hjá hljóðvarpsstöðvum á að setja upp DAB-hljóðvarpssenda eða að kaupa aðgang að slíkum útsendingum fyrir sína dagskrá ef það stæði til boða.

Svar RÚV:

RÚV er áhugasamt um samstarf vegna DAB útsendinga, en ljóst er að það muni verða mjög kostnaðarsamt að ná landsdekkun á þeim útsendingum. RÚV er því tilbúið til samstarfs vegna DAB útsendinga, en sér ekki fyrir sér að standa eitt að þeirri uppbyggingu.

Kveðjur,

Gunnar Örn Guðmundsson

Forstöðumaður Tæknisviðs

Sími: (+354) 515 3310



EFSTALEITI 1 | 150 REYKJAVÍK | SÍMI 515-3000 | WWW.RUV.IS